

Vegna: Máls nr. 0580/2024, Kársnes Þróunarsvæði. Rammahluti aðalskipulags. (Kynning tillögu á vinnslustigi)

Athugasemd:

Mál 0580/2024

Helsta athugasemdin við þetta skipulag burt séð frá of miklu byggingarmagni varðar innviði. Við gerð þessa skipulags er eins og það hafi gleymst að gera ráð fyrir íbúum á svæðinu. Það sést helst á skipulagi hvað varðar stígagerð, græn svæði og náttúruvernd. Nú þegar hefur komið fram ákall um stíga innan hverfisins, börn og fullorðnir eiga erfitt með að komast leiðar sinnar innan bæjarins.

Stígagerð þarf að þjóna íbúum Kópavogs, innviði vantar. Gera þarf ráð fyrir stofnstíg, sem mætti vera um Kársnesbraut/Kópavogsbraut sem tengir íbúa við skólana, sundlaugina, bókasafnið, tónlistarskólann, heilsugæslu, menntaskóla, Hamraborg og þjónustusvæði á Nýbýlavegi ofl. Gera þarf ráð fyrir tengistíg annarra sveitarfélaga um Kópavogsháls og mætti hann gjarnan vera í stökk. sbr. lausn á Arnarnesi. Athugasemd er gerð við staðsetningu stíga sem beint er að friðlýstri fjöru og ekki nauðsynlegt að bæta í stígum þar, áherslur hvað varðar stígagerð eru skakkar. Fjaran á Kársnesinu er náttúruperla og helsta útivistarsvæði bæjarins, að þrengja að henni með frekari mannvirkjum dregur úr grænum svæðum. Mannvirkjum fylgir þjónusta og viðhald sem felur í sér mengun fyrir fjöruna og umhverfið.

Kópavogsbær er aðili að Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna og þeim skuldbindingum sem það felur í sér. Umhverfissvænar samgöngur ættu ekki að þurfa að koma niður á umhverfinu.

Græn svæði eru af mjög skornum skammti á svæðinu. Ljóst er að litlir „innigarðar“ í miðju bygginga eða grösug þök nýtast ekki almenningi sem græn svæði. Ákall er eftir að vernda græn svæði sem eftir eru á svæðinu, verndum strandlengjunnar og fjölgun grænna svæða sbr. samráðsfund með íbúum sem hér er vísað til í kynningu.

Við þróun á Kársnesi er mikilvægt að halda byggingum lágreistum. Vindasamt verður í kringum háar byggingar og nauðsynlegt að taka tillit til þess við skipulag. Gert er ráð fyrir of háum byggingum og þær eru of þéttar. Ekki virðist vera haft í huga það mikilvæga atriði að hafa lágreista byggð með fram sjó til þess að skerða ekki ásynd og tröppun svæðisins. Með þessu áframhaldi verður Kársnesið innmúrað.

Byggingarmagn er of mikið miðað við svæðið í kring og þá umferð sem mun fylgja. Má í þessu samhengi nefna að könnun á afstöðu höfuðborgarbúa bendir til þess að mikill minnihluti telur að borgarlína muni breytja ferðavenjum þeirra. (sbr. Viðskiptablað mbl 19.2)

Höfundur: Hulda Jónasdóttir/huldajonas@simnet.is

Sent inn þann: 21.02.2025, **Fyrir hönd:**